

Sp. 448. Tillaga til þingsályktunar
um sérstakan sumartíma.

Flm.: Sigurður Guðnason, Hermann Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að ákveða með reglugerð, að klukkunni skuli flýtt um eina klukkustund frá íslenskum meðaltíma fyrsta sunnudag maímánaðar í stað fyrsta sunnudag marzmánaðar, svo sem áður hefur verið.

Á s t æ ð u r .

Á undanförunum árum hafa ríkisstjórnir þær, sem setið hafa að völdum, notað ákvæði laga nr. 8 16. febr. 1917 og fært klukkuna fram um eina klukkustund 1. marz, og fært hana aftur um eina klukkustund 1. nóv. Þessi háttur — og þá sérstaklega hvað snertir það að flýta klukkunni 1. marz — hefur komið sér mjög illa fyrir verkamenn og aðra starfandi menn við sjávarsíðuna, er vinna reglulegan vinnudag, þar sem það hefur þýtt, að menn hafa orðið að mæta til verks á morgnana í svartnætti skammdegisins lengur en ella væri.